

Sb.

498. Tillaga til þingsályktunar

um leigu á ríkisprentsmiðjunni Gutenberg.

Flm.: Hermann Jónasson.

Sameinað Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að leigja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg starfsfólkinu, er við hana vinnur, samkvæmt tilboði í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. maí 1942.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, ritaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið prenturunum í Gutenberg svo hljóðandi bréf hinn 10. maí 1942:

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 10. maí 1942.

Ráðuneytið staðfestir hér með bréflaga, að það hefur ákveðið að leigja yður, ásamt fleiri prenturum, ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Mál þetta hefur verið rætt á ráðherrafundi, og voru allir sammála um, að ekkert væri því til fyrirstöðu að leigja prentsmiðjuna þeim mönnum, er yfirleitt hafa við hana unnið og ætla að vinna við hana áfram, þar sem það er ekki tilgangur ríkisstjórnarinnar með rekstri prentsmiðjunnar að græða á vinnu prentaranna, enda skilyrði, að það sé almennt vilji þeirra, sem við fyrirtækið vinna, að rekstrinum verði breytt í þetta horf og umræddur leigumáli gerður.

Ráðuneytið gerir að skilyrði fyrir leigunni, að prentsmiðjan verði áfram í félagssamtökum prentsmiðjueigenda. Vill ráðuneytið með engu móti fallast á, að fyrirtækið geti, ef deilur rísa milli vinnuveitenda og vinnuþega í prentiðninni, starfað utan samtakanna og á þann hátt haft áhrif á úrslit slíkra deilna.

Ráðuneytið getur fallizt á það, að það sé hlutafélag, sem tekur prentsmiðjuna á leigu, en breyta verður því í samvinnufélag innan fjögurra mánaða frá því að rekstrurinn er hafinn, og skal félagið starfa í því formi meðan leigumálinn gildir.

Aðrir skilmálar eru sem hér segir:

1. Hið leigða er húseignin nr. 6 við Þingholtsstræti með öllu, sem henni fylgir og fylgja þer, og leigist eignin í því ástandi, sem nú er. Enn fremur allar prentvélar og öll tæki, hverju nafni sem nefnast og ríkisprentsmiðjan á.
2. Leigutíminn skal vera 10 ár frá 1. júlí 1942 að telja. Leigumálinn framlengist um önnur tíu ár óbreyttur, ef ríkisstjórnin hefur ekki fyrir 30. júní 1952 ákveðið, að ríkissjóður taki að nýju í sínar hendur rekstur prentsmiðjunnar. Þá hafa leigutakar og forkaupsrétt að prentsmiðjunni þetta tímabil.
3. Gjaldið til ríkissjóðs fyrir hið leigða sé $5\frac{1}{2}\%$ — fimm og hálfur af hundraði — af bókfærðu verði hins leigða nú, og þar að auki fyrningargjald, jafnhátt og skattalög ákveða af húsum og vélum á hverjum tíma. Greiðist gjald þetta af hinni bókfærðu upphæð eins og hún er nú, eða verður á ári hverju, eftir að frá hefur verið dregið fyrningargjald síðastliðins árs. Leigan greiðist hálfárslega, eftir á. Auk þeirrar leigu, sem nefnd hefur verið, skal greiða árlega 10% — tíu af hundraði — af nettóágóða prentsmiðjunnar, eins og hann verður ákveðinn af skattstofunni. Leigusali annast viðhald eignanna hvað venjulegt slit snertir, en leigutakar skulu bæta það, er skemmist fyrir vanhirðu og handvömm.
4. Pappír og efnivörur, sem eru í prentsmiðjunni þegar leigutíminn hefst, eða þá þegar pantaðar, eiga leigutakar rétt á að fá við kostnaðarverði. Sams konar tilkall áskilur leigusali sér til pappirs og efnivara, sem leigutakar kunna að eiga eða hafa pantað, ef leigusali tekur á ný við prentsmiðjunni.

5. Verkefni, sem unnið er að í prentsmiðjunni þegar hún er afhent, skuluð þér yfirtaka samkvæmt samningum þeim, er um þau hafa verið gerð, og skal þá metið, hve mikill hluti verksins er þegar unninn. Skiptist greiðsla milli leigusala og leigutaka samkvæmt því.
6. Leigusali heitir því, að prentsmiðjan skuli hafa forrétt með svipuðum hætti og verið hefur að verkum þeim, er hún hefur annazt fyrir Alþingi, ríkisstjórn og opinberar stofnanir, enda njóti þessir aðilar þá jafngóðra kjara og þeir geta fengið hjá öðrum prentsmiðjum.
7. Úttekt prentsmiðjunnar við afhendingu og endur afhendingu skal fara fram á þann hátt, að leigusali og leigutaki tilnefna sinn manninn hvor til þess starfa. Komi þeir sér ekki saman um eitthvert eða einhver atriði, skulu þeir nefna oddamann, ella skal oddamaður dómkvaddur. Ákvörðun úttektarmanna verður ekki áfrýjað.
8. Núverandi forstjóri prentsmiðjunnar, Steingrímur Guðmundsson, skal eiga þess kost að vera forstjóri prentsmiðjunnar áfram meðan leigumálinn er í gildi, með eigi lakari kjörum en hann nýtur nú hjá ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Einnig skal hann eiga kost á að vera þátttakandi í fyrirtækinu, ef hann óskar þess. Þetta tilkynnist yður hér með.

Hermann Jónasson.

Til herra Alberts Finnbogasonar prentara, Reykjavík.

Núverandi dómsmálaráðherra hefur ekki viljað fullnægja þessu tilboði og ritað prenturunum eftirfarandi bréf:

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. maí 1942.

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hefur fyrrverandi ráðherra, Hermann Jónasson, tjáð yður, herra prentari, að ráðuneytið hafi ákveðið að leigja yður, ásamt fleiri prenturum, ríkisprentsmiðjuna Gutenberg til 10 ára með nánar tilgreindum leigukjörum.

Með því að núverandi ríkisstjórn lítur svo á, að leiga ríkisprentsmiðjunnar eins og að framan greinir hafi ekki stoð í lögum, þá tilkynnist yður hér með, að ríkisstjórnin telur sig ekki bundna við framangreint bréf Hermanns Jónassonar.

Jakob Möller.

Gústav A. Jónasson.

Til hr. prentara Alberts Finnbogasonar, hér.

Prentararnir hafa svarað þessu þannig:

Reykjavík, 21. maí 1942.

Ég undirritaður hef mótttekið bréf ráðuneytisins, dags. 20. þ. m., þar sem mér er tjáð, að ráðuneytið muni rifta leigumála þeim, er fyrrverandi dómsmálaráðherra gerði við mig fyrir hönd prentara.

Ég hlýt hins vegar að halda fast við rétt þann, sem felst í áður nefndum leigumála, enda er það einróma vilji starfsfólks ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, að svo verði gert. Var það samþykkt á fundi starfsfólksins 20. maí með 45 atkvæðum gegn 2.

Albert J. Finnbogason.

Til dómsmálaráðherra Jakobs Möller, Reykjavík.

Eins og af þessu má sjá, hefur þetta orðið að deiluatríði, sem taka mun langan tíma að fá skorið úr til fullnustu fyrir dómstólunum. Þykir mér því rétt, að Alþingi sjálft láti í ljós vilja sinn í þessu máli.

Núverandi dómsmálaráðherra telur leigutilboðið ekki styðjast við lög og stríða gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, þar sem fram sé tekið, að eigi megi selja fasteignir ríkisins eða láta af hendi afnotarétt þeirra, nema með lögum.

Hér verður ekki rakið nákvæmlega, hvernig þetta ákvæði er til orðið, en það er léleg þýðing á ákvæði dönsku stjórnarskrárinnar. En hitt vita allir, sem kynni hafa af stjórnarráðstöfunum, að þetta ákvæði hefur hingað til ekki verið skilið á þann veg, sem það er túlkað í bréfi núverandi dómsmálaráðherra. Ég vil spyrja: Samkvæmt hvaða lögum leigði núverandi dómsmálaráðherra ríkiseignina Gimli í Reykjavík? Samkvæmt hvaða lögum hefur öll Bernhöftseignin verið leigð, ein verðmætasta eign hér í bæ? Samkvæmt hvaða lögum var lóðin í Bankastræti leigð Kaupfélagi Reykjavíkur á sínum tíma? Samkvæmt hvaða lögum var hluti af Arnarhólstúninu leigður undir bifreiðastöðina Geysi? Hvar eru þessi lög? Alþingismenn þekkja þau ekki og aðrir efalaust ekki heldur. Það mætti fylla marga dálka í Alþingistíðindunum með upptalningum hliðstæðra leigumála. Þær eru því ekki fáar riftingarnar, sem gera þarf á leigumálum, ef nú á að taka upp þá stefnu, sem núv. dómsmálaráðherra vill innleiða.

Þessar skýringar ættu að nægja til þess að sýna, hvernig þetta stjórnarskrárákvæði hefur verið skilið í framkvæmd.

Það, sem vitanlega skiptir máli í þessu tilfelli, er það, hvort leigumálinn um Gutenberg brýtur gegn tilganginum með eignarhaldi ríkisins á prentsmiðjunni. Ef sá tilgangur er brotinn, þá er umrætt ákvæði brotið samkvæmt eðli málsins. Því er haldið fram, að ef leigan á Gutenberg sé heimil, þá megi leigja Tóbakseinkasöluna, sildarverksmiðjur ríkisins o. fl. Hvert mannsbarn veit, að tilgangurinn með Tóbaks-einkasölnni er að afla stórtækna af sölu munaðarvarnings. Tilgangurinn með rekstri sildarverksmiðjanna er að skipuleggja sildariðnaðinn í landinu, og jafnframt er þetta fyrirtæki eins konar samvinnufyrirtæki þeirra, sem afhenda því síld til vinnslu. Leiga slíkra eigna væri brot á tilgangi ríkisins með rekstri þeirra.

Þegar ríkisprentsmiðjan Gutenberg var leigð, var tilgangur ríkisins með eignarhaldi á prentsmiðjunni hafður í heiðri. Tilgangurinn með því að eiga Gutenberg er ekki sá, að skipuleggja prentiðina í landinu og ekki að hefja nýbreytni í prentun. Tilgangurinn er aðeins sá, að hafa aðgang að prentsmiðju til þess að leysa af hendi þau prentstörf, sem vinna þarf í þágu ríkisstofnananna.

Eftir leigu prentsmiðjunnar hefur ríkið sömu aðstöðu til prentunar og áður. Leigutakar hafa forrétt að viðskiptum ríkisstofnananna með svipuðum hætti og verið hefur. Það er vitanlega fásinna ein, að ríkið sitji ekki samkvæmt ákvæði þessu fyrir um prentun, því ella væri ekki forrétturinn, sem prentsmiðjan hefur haft, með svipuðum hætti og verið hefur. Það er því ljóst, enda prenturum aldrei dottið í hug að leggja annan skilning í samninginn, að ríkisfyrirtækin skulu svo sem að undanfögnu sitja fyrir um prentun í prentsmiðjunni og eigi með lakari kjörum en fánægleg eru á hverjum tíma hjá öðrum prentsmiðjum, sbr. 6. lið leigutilboðsins.

Ríkið hefur því nákvæmlega sömu aðstöðu til prentunar og áður, og auk þess fær ríkið 10% af nettóágóða af vinnu fólksins, sem á að starfrækja fyrirtækið. Ríkið fær alla sína prentun. Hið eina, sem skeð hefur með leigu fyrirtækisins, er það, að ríkið hættir að græða nema 10% á vinnu þess fólks, sem við fyrirtækið vinnur, og það hefur enn enginn gerzt svo djarfur að halda því fram, að tilgangur ríkisins með eignarhaldi á prentsmiðjunni hafi verið sá, að græða á vinnu fólksins. Gutenberg er ekki verzlunarfyrirtæki. Sá gróði, sem fyrirtækið gefur, er ágóði af vinnu starfsmannanna.

Prentarar keyptu Gutenberg í upphafi, en urðu að selja hana. Félagsskapur þeirra hefur tekið miklum þroska síðan. Prentarar hafa áhuga fyrir því, til þess að komast hjá vinnudeilum, að mynda yfirleitt samvinnufélög um rekstur prent-

smiðjanna í landinu. Fyrst þessi áhugi er fyrir hendi, þá verður það ekki hlutverk okkar samvinnumanna að bregða fæti fyrir hann eða standa þar á nokkurn hátt í vegi. Ég hef aldrei litið svo á, að ríkissjóður ætti að keppa að því að hirða arðinn af vinnu fólksins í Gutenberg. Ég skýrði prenturunum frá þessu í vetur, er þeir ræddu málið við mig. Ég hef lýst hinu sama yfir í ræðum, og ég hef staðið við þessa skoðun í verki.

Það er hagnaður á rekstri þessa fyrirtækis nú. Á góðum tímum á að byrja slíka starfrækslu, sem nú er fyrirhuguð í Gutenberg, en ekki krefjast þess af almenningi, að hann hefjist handa um atvinnureksturinn, þegar allt er komið í kaldakol og hver atvinnugrein að heita má rekin með tapi. Fólkið á að hafa tækifæri í góðærunum til þess að búa sig undir hin erfiðu ár. Það er eins og ég áðan sagði, hagnaður á þessu fyrirtæki í svipinn, — en menn verða að athuga, að fólkið tekur prentsmiðjuna á leigu til 10 ára, og á þeim tíma kemur kreppan. Því veitir ekki af að hafa bætt nokkuð fyrir sér áður en hana ber að höndum.

Af framan greindum ástæðum óska ég, að Alþingi skeri úr þeirri deilu, sem hafin er.